

**Ed.**

**150. Frumvarp**

til laga um yfirstjórn nokkurra rikiseigna í Ölfusi.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

**1. gr.**

Flimm manna nefnd þeirri, sem samkvæmt 9. gr. laga um sjúkrahús, nr. 30 frá 1933, skal hafa á hendi yfirstjórn sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana ríkisins, skulu falin umráð eftirnefndra jarðeigna ríkisins í Ölfusi: Reykjakots, Reykja, Reykjahjáleigu, Kross og Valla.

**2. gr.**

Til þess að öðrum en ríkinu eða ríkisstofnunum sé leyfð notkun á landi Reykja og Reykjakots, þarf leyfi Alþingis að koma til.

**3. gr.**

Sérhver sá, sem öðlzt hefir leiguréttindi eða önnur réttindi yfir landi jarðanna Reykja og Reykjakots, skal vera skyldugur að láta réttindi þessi af hendi við ríkið. Um framkvæmd eignarnáms þessa fer eftir lögum nr. 61 frá 1917, um framkvæmd eignarnáms.

## Greinargerð.

Þegar Reykjaeignin var keypt samkvæmt heimild Alþingis, var það fyrst og fremst tilgangurinn, að tryggja ríkinu hinn mikla hverahita í sambandi við mikil og góð ræktunarskilyrði, til þess að á þessum eignum mætti, til mikilla almennra hagsbóta, starfrækja á þessum stað margskonar opinberar stofnanir. Var byrjað að hagnýta þessi góðu skilyrði til að reka þar hressingarhæli og gróðurhús, önnur hin mestu og beztu, sem til eru hér á landi.

Samkvæmt rannsókn, sem Þorkell Þorkelsson veðurfræðingur gerði fyrir ríkisstjórnina, eru í landi þessara fimm jarða um 100 hverir og heitar uppsprettur. Er í þessu fólgin geysimikil orka, sem kalla má, að ekki hafi verið notuð svo að nokkru nemi, en allir, sem til þekkja, sjá, hve mikils virði þessi eign er fyrir þjóðfélagið.

Landsspítalinn, sem nú er orðinn, og verður þó fremur síðar, mesta heilbrigðismálastofnun landsins, hefir ekkert bú til sinna afnota, og getur tæplega haft það í nágrenni Reykjavíkur. En hann gæti haft sitt eigið bú á Reykjum, og hefir fengið þaðan mjólk og grænmeti, en hvorttveggja sem bráðabirgðaráðstöfun. En það gæti orðið landsspítalanum til hins mesta gagns og sparnaðar, að geta haft á Reykjum bú við sitt hæfi og eftir sínum þörfum.

Ríkið hefir fjölmargar aðrar þarfir, sem fullnægja má á Reykjum. Þar mætti hafa hinar fullkomnustu tilraunir með notkun hverahita við ræktun. Þar mætti reka margháttaða lækninga- og hressingarstarfsemi fyrir veikt fólk og þreytt. Þar mætti hafa barnahæli og gamalmennahæli. Þar ætti ef til vill að hafa uppeldisstofnun fyrir heyrnarlaus og blind börn. Rektor menntaskólans óskar mjög eftir, að þar væri unnt að hafa skála, sem nemendur menntaskólans hefðu aðgang að um helgar og á vorin, er þeir vildu vera um stund út úr bænum sér til hressingar. Þá hefir komið fram ósk til ríkisstjórnarinnar frá leiðtogum verkamanna í Hafnarfirði og Reykjavík um, að á þessu hveralandi mætti koma upp einföldum sumarvalarstað fyrir konur og börn úr Reykjavík.

Sú stjórn, sem bar fram til sigurs málið um kaup á Reykjum og stóð fyrir þeirri byrjun á hagnýtum framkvæmdum, sem þar hafa verið gerðar, lagði fyrir Alþingi frv. um, að Reykjaeignin öll skyldi jafnan vera undir sömu yfirstjórn og landsspítalinn, og þar með dregin út úr daglegu reiptogi skiptandi stjórnarvalda. Málið kom fyrir landbúnaðarnefnd efri deildar og mætti þar eindreginni mótstöðu frá einum af þáverandi þingmönnum Framsóknarflokksins, Jóni Jónssyni. Vegna þeirrar mótstöðu náði málið ekki fram að ganga í það sinn. Litlu síðar urðu stjórnarskipti, vorið 1932, og sá flokkur, sem frá byrjun hafði mjög lagzt á móti að kaupa Reykjaeignina, fékk þá yfirstjórn heilbrigðismálanna og þar með Reykjaeignarinnar. Varð þá alger stefnubreyting í meðferð Reykjaeignarinnar. Lét þáverandi heilbrigðismálaráðherra Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastjóra þá fljótlega fá til einkanotkunar landspildu rétt við túnið á Reykjum. Sótti sami maður allfast á og vildi ná undir sig um 30 dagsláttum af bezta ræktarlandi Reykjatorfunnar, einmitt því, sem fyrst þarf að nota, ef um stórfellda garðrækt er að ræða eða ef margmennar mann-

úðarstofnanir eru starfræktar við jarðhitann í Reykjalandi. Þegar hér var komið, risu upp ábúendur á Krossi og Völlum, sem áttu að nokkru óskipt land til afnota með Reykjum, og mótmæltu landafsalinu til Sigurðar Sigurðssonar. Lét stjórnin þó þar við sitja og færði nokkuð niður landstærðina, en samdi í þess stað um 75 ára erfðafestu, sem mun þykja nokkuð einkennileg leiguráðstöfun, eins og hér stendur á. En af ástæðu þeirri, sem tilgreind er hér að framan, mun mega líta svo á, að þetta landafsal sé líka ólöglegt.

Samhliða þessu gerði hin sama ríkisstjórn annan álika samning um Reykjakot við Magnús Kristjánsson, fyrrum ráðsmann á Reykjum. En hann hefir lýst því yfir, að hann myndi fús að sleppa sínum réttindum, ef hann fái mannvirki sín keypt eftir mati, hvenær sem landið þarf að halda á Reykjakotseigninni. Er það fremur að þakka þegnskap Magnúsar en framsýni ríkisstjórnarinnar, að ekki verður varanlegur skaði að þessari ráðstöfun.

Hér er lagt til, að öll Reykjaeignin verði lögð undir varanleg umráð þeirrar nefndar, sem á að hafa umráð og yfirumsjón með sjúkrahúsum landsins, og að tekin verði með eignarnámi þau varanlegu réttindi, sem afsöluð hafa verið Sigurði Sigurðssyni í landi Reykjaeignar.

Hér fylgja með þeir þrír samningar, sem fyrrverandi ríkisstjórn hefir gert um landsafsal úr Reykjaeigninni.

## Fylgiskjal I.

### DÓMSMÁLARÁÐHERRANN

GERIR KUNNUGT: Að með bréfi þessu er Sigurði búnaðarmálastjóra Sigurðssyni leigð til 75 ára frá síðustu fardögum að telja og til viðbótar við landspildu þá, er honum með bréfi dómsmálaráðuneytisins var leigð 2. nóv. 1932, landspilda sú, sem lýst er undir tölulið 1, með eftirtöldum nánari skilyrðum.

1. Hin leigða landspilda er 3,6 ha. að flatarmáli og er mæld út úr landi Reykjatorfunnar í Ölfusi. Hún takmarkast að ofan af línu, sem liggur í beinu framhaldi af norðurmörkum af erfðafestulandi Sigurðar Sigurðssonar úr Reykjum, að skurði niður undan Reykjahjáleigu, beygir þar lítið eitt og liggur suðaustur 245 metra. Takmörkin að austan eru hornlína (90°) frá þeim endapunkti suður til Varmár, og er sú lína 158 metra löng, að sunnan ræður Varmá takmörkum. Meiri hluti lands þessa er mýrlendi, sundurgrafið af lækjarskorningum frá fjallinu niður til Varmár, en nokkur hluti af landinu eru móar. Brotið hefir verið af landi þessu 2600 fermetrar.
2. Landspildan er leigð til ræktunar. Vatns- og veiðiréttindi í Varmá fyrir landinu fylgja og með í leigunni. Leigutaki öðlast rétt til að byggja á landspildunni nauðsynleg hús vegna ræktunarinnar.
3. Leigutaki skal hafa girt landið gripheldri girðingu áður en 1 — eitt — ár er liðið frá því honum var afhent landið, og ræktað allt landið innan 10 ára að túni eða matjurtagörðum. Girðingar, sem eru á landinu, fylgja með.
4. Ef girðingum er ekki viðhaldið eða leigulandið gengur úr sér að rækt, svo til auðnar horfi, hvorttveggja eftir mati tveggja óvilhallra dómkvaddra

manna, fellur landið aftur til ríkissjóðs án endurgjalds, þó að óskertum rétti þeirra, er veð kunna að eiga í réttindum yfir landinu, en ríkisstjórnin hefir forkaupsrétt að mannvirkjum þeim, er kunna að vera á landinu, önnur en ræktunarbætur, eftir mati þar til dómkvaddra manna.

5. Landið er leigulaust í 3 fyrstu árin. Síðan greiði leigutaki kr. 15.00 — fimmtán krónur — árlega pr. ha. Árgjaldið greiðist í fardögum ár hvert, í fyrsta skipti 1938.
6. Leigutaki greiði alla skatta og skyldur til hins opinbera, er lagðir kunna að vera á landið sem gjaldstofn.
7. Leigutaki getur ekki búið neina kröfu á hendur leigusala, þótt svo kynni að fara, að hið leigða land við landskipti falli að öllu eða nokkru leyti undir Kross eða Velli. Hið sama er og, ef réttindi núverandi ábúanda Kross eða Valla kynnu að vera því til fyrirstöðu, að leigutaki haldi leiguréttindum yfir landi þessu.
8. Leigutaka er heimilt að selja leigurétt sinn, veðsetja hann eða ráðstafa honum á annan hátt.

Af bréfi þessu eru tvö samhljóða frumrit, og heldur hvor samningsaðili sinu.

Í dómsmálaráðuneytinu, 14. júlí 1934.

M. Guðmundsson.

/ Gissur Bergsteinsson.

Við leigusamningi, sem þessum er samhljóða, hefi ég undirritaður tekið, og skuldbind ég mig til að halda hann í öllum greinum.

Reykjavík, 14. júlí 1934.

Sig. Sigurðsson.

### Fylgiskjal II.

### DÓMSMÁLARÁÐHERRANN

GERIR KUNNUGT: Að með bréfi þessu er Sigurði búnaðarmálastjóra Sigurðsyni leigð til 75 ára landspilda sú, sem lýst er undir tölulíð 1, með eftirtöldum nánari skilyrðum.

1. Hin leigða landspilda er 1.05 ha. að flatarmáli. Hún liggur norðan Varmár gegnt Fagrahvammi í Ölfusi. Landið takmarkast að norðan af skurði og framhaldi hans, 95 m. vestur og 60 m. austur frá endum skurðsins. Að austan eru sett merki og myndar takmarkalínan 90° horn við skurðlínum. Að sunnan takmarkast landið af Varmá og að vestan af Laugalæk, sbr. viðfestan uppdrátt Búnaðarfélags Íslands, dags. 21. sept. 1932.
2. Landspildan er leigð til ræktunar. Vatns- og veiðiréttindi í Varmá fyrir landinu fylgja og með í leigunni. Leigutaki öðlast rétt til að byggja á landspildunni nauðsynleg hús vegna ræktunarinnar.

3. Leigutaki skal hafa girt landið gripheldri girðingu áður en  $\frac{1}{2}$  — hálf — ár er liðið frá því honum var afhent landið og ræktað allt landið innan 5 ára að túni og matjurtagörðum.
4. Ef girðingum er ekki viðhaldið eða leigulandið gengur úr sér að rækt, svo til auðnar horfi, hvorttveggja eftir mati tveggja óvilhallra manna dómkvaddra, fellur landið aftur til ríkissjóðs án endurgjalds, þó að óskertum rétti þeirra, er veð kunna að eiga í réttindum yfir landinu, en ríkisstjórnin hefir forkaupsrétt að mannvirkjum þeim, er kunna að vera á landinu, önnur en ræktunarbætur, eftir mati þar til dómkvaddra manna.
5. Í leigu eftir landspildu þessa greiði leigutaki kr. 20.00 — tuttugu krónur — árlega. Árgjaldið greiðist í fardögum ár hvert, í fyrsta skipti 1933.
6. Leigutaki greiði alla skatta og skyldur til hins opinbera, er lagðir kunna að verða á landið sem gjaldstofn.
7. Leigutaka er heimilt að selja leigurétt sinn, veðsetja hann eða ráðstafa honum á annan hátt.

Af bréfi þessu eru tvö samhljóða frumrit, og heldur hvor samningsaðili sínu.

Í dómsmálaráðuneytinu, 2. nóvember 1932.

M. Guðmundsson.

/Gissur Bergsteinsson.

Við leigusamningi, sem þessum er samhljóða, hefi ég undirritaður tekið, og skuldbind ég mig til að halda hann í öllum greinum.

Reykjavík, 2. nóvember 1932.

Sig. Sigurðsson.

Vitundarvottar:  
I. Magnúsdóttir.  
Þórður Jensson.

### Fylgiskjal III.

#### DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

byggir hér með Magnúsi Kristjánssyni, Reykjum Ölveshreppi, með lifstiðar-ábúð fyrir hann og konu hans, jörðina Reykjakot í Ölveshreppi í Árnessýslu, frá fardögum 1934 að telja með eftirfarandi skilyrðum:

1. Ráðuneytið áskilur sér rétt til jarðhita og notkunaraðstöðu hans í landi jarðarinnar, að svo miklu leyti, sem sú notkun kemur ekki í bága við notkun leiguliða.
2. Hús þau, er eru á jörðinni, þegar leiguliði flytur þangað, skulu virt í hendur honum til niðurrifs, en ekki til viðhalds.
3. Hús þau, girðingar og önnur mannvirki, er leiguliði kann að gera á jörðinni og eru henni til nytja, að álitu ráðuneytisins og samþykkt af því, skuld-

bindur ráðuneytið sig til að kaupa við dauða leiguliða eða burtför frá jörðinni, fyrir hæfilegt verð, að undangengnu mati dómkvaddra manna.

4. Kostnað þann, er leiguliði kann að hafa af því að gera bílfæran veg frá Grýtu að Reykjakoti, skal leiguliða heimilt að greiða með afgjaldi jarðarinnar.
5. Leiguliða skal heimilt að endurleigja slægju- og beitinytjar jarðarinnar, ef hann þarfnast þeirra ekki sjálfur, þó svo, að jörðin rýrni að engu leyti né gangi úr sér við þetta.
6. Í eftirgjald greiði leiguliði kr. 250 — tvö hundruð og fimmtíu krónur, — er greiðist dómsmálaráðuneytinu fyrir 31. desbr. ár hvert.
7. Leiguliði skal svara öllum sköttum og skyldum af jörðinni. Hann skal vandlega yrkja tún og engjar og halda við innstæðukúgildum.
8. Að öðru leyti fer um réttindi og skyldur leiguliða eftir ábúðarlögum.

Af byggingarbréfi þessu eru tvö samhljóða frumrit, og heldur hvor samningsaðili sínu.

Í dómsmálaráðuneytinu, 7. september 1933.

M. Guðmundsson.

/Gissur Bergsteinsson.